



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnar Grímssonar
1. janúar 1998**

Góðir Íslendingar.

Á fyrsta degi nýs árs færum við hér á Bessastöðum ykkur öllum óskir um farsæld og gleði og þökkum samhug og auðsýnda vináttu sem verið hafa okkur mikils virði.

Um jól og áramót, hátíðir fjölskyldunnar, leitar hugurinn til æskuára með foreldrum, afa og ömmu, og góðar óskir og vonir fylgja börnum að leik. Við njótum samveru með ástvinum og fögnum því að geta saman heilsað nýjum tímum.

Vissulega hafa liðnar stundir fært mörgum sorgir og erfiðleika en nýársólin flytur boðskap um birtu og líf, sýnir okkur litróf náttúrunnar og minnir á auðafi reynslunnar sem ávallt efla okkur áraði til nýrra verka.

Við Íslendingar búum enn að ríkri samkennd, arfleifð sem fyrrum var samofin sáttmálum um réttlæti og skyldur. Hver og einn ætti að hjálpa öðrum þegar hættu bæri að höndum eða áfall breytti örlögum. Samábyrgð og samhjálp hafa einkennt þjóðlíf okkar um aldir og birtast enn á okkar tíð þegar erfiðleikar ganga í garð.

Við höfum verið stolt af friðsæld og öryggi í samfélagi okkar. Börn og unglingar gátu óttalaus farið allra sinna ferða. Ofbeldi og eiturlyf voru svo fjarri íslenskum veruleika að varla virtist hér þörf á viðnámi sem aðrar þjóðir töldu nauðsynlegt. Hin friðsæla fjölskylda var í raun myndlýsing á þjóðfélaginu öllu.

Því miður verðum við nú að horfast í augu við þá staðreynd að friðsemd og öryggi samfélags og einstaklinga er ógnað úr mörgum áttum. Framandi vágastir reyna á þeirri okkar með nýjum hætti og kunna að breyta gerð íslensks samfélags verði varnaraðgerðir ekki eflar í taka tíð.

Nýlega voru birtar niðurstöður rannsókna sem sýna hve ört eiturfjaneysla unglunga hefur vaxið á síðari árum. Um þriðjungur 17 ára ungmenna í höfuðborginni hefur prófað hass og helmingur þeirra sem það gerðu 14 ára að aldri hafði þremur árum síðar neytt amfetamíns. Umfangsmikil vímuefnaviðskipti eru greinilega orðin staðreynd í íslensku samfélagi og þúsundir ungmenna hafa með fyrstu skrefum nálgast tortímingarbraut eiturfjanna.

Þessi ógn hefur ekki sótt okkur heim í skyndingu. Á fáeinum árum hefur hún vaxið svo að við blasir alvarlegt þjóðfélagsmein, viðfangsefni sem kallar á samstöðu til bjargar, samstöðu fjölskyldna, skóla, fjölmiðla, sérfræðinga, samtaka, stjórnvalda ríkis og sveitafélaga.

Til lítills verða framfarir í hagstjórn og atvinnulífi ef sjálf samfélagsgerðin liðast í sundur. Til lítills eru gæði markaðarins glati æskufólkið sálu sinni, lífi eða heilsu.

Hér þarf þjóðarvakningu. Þögnin sem umlykur þessa þróun má ekki lengur hindra umræðu um þjóðaráttak, um björgun þeirra þúsunda sem eiga á hættu að hrapa. Örlög þeirra eru ákall um okkar hjálp.

„Allt sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér” er boðskapur Krists í helgri bók. Hver veit hvenær hin nýja ógn knýr dyra á eigin heimili, leggur í rúst líf og heilsu ástvinar, barns eða ættmenna?

Rannsóknir hafa sýnt að efling fræðslu og forvarna skilar ótvíræðum árangri. Aukin þátttaka í íþróttum og heilbrigðu tólmundastarfi forðar mörgum frá glapstígum. Því fleiri ár sem líða án þess að unglingur eða æskumaður neyti tóbaks eða áfengis, þeim mun líklegri er að hann eða hún komist í gegnum lífið án þess að verða fórnarlamb eiturfjanna.

Við verðum að efla framlag foreldra og skóla, styrkja íþróttafélög til að auka þátttöku ungmenna í almenningsíþróttum, rétta hjálparhönd

samtökum sem leitast við að leiða fíkla og áfengissjúka inn á brautir heilbrigðs lífs. Umfram allt þarf að auka samstarf allra sem ábyrgð bera, mín og þín, vina og vinnufélaga, samfélagsins alls. Mynda hér, eins og vel hefur gefist með öðrum þjóðum, samvinnuvettvang til varnar í skólum, hverfum og byggðarlögum.

Það gleymist stundum að tóbak er einnig fíkniefni þótt ekki sé hægt að leggja það að jöfnu við hin háskalegri. Viðurkenning á hættunum er almennari þegar kemur að áfengi, hassi, amfetamíni, kokaíni og e-töflum. Samt eru þetta allt greinar af sama meiði; neysluvenjur sem í fyllingu tímans geta lagt heilsu og hamingju einstaklinga og fjölskyldna að velli, stýtt lífdaga og leitt marga á villigötur ofbeldis og glæpa.

Samspil reykinga, áfengisneyslu og eiturlyfja meðal ungmenna er margsönnuð vísindaleg niðurstaða og nýbirtar rannsóknir við Háskóla Íslands fara okkur enn eina áminninguna um þessi tengsl. Samt höfum við ríka tilhneigingu til að víkja fráðilegri þekkingu til hliðar þegar kemur að uppeldisskilyrðum æskunnar og heilsu okkar sjálfra. Við höfum ávallt verið áhugasamari um rannsóknir sem snerta varðveislu fiskistofna en þær sem fjalla um heilbrigði mannfólksins.

Vísindalegar niðurstöður lækna og annarra sérfræðinga sýna að reykingar eru einhver mesti vággestur í heilsufari samtímans, helsti orsakavaldur hjartaáfalla, krabbameins og annarra sjúkdóma sem í okkar litla samfélagi leiða þúsundir til dauða og milljónir manna um heim allan.

Stjórnvöld hafa því víða hafið harða baráttu gegn reykingum til að bjarga heilsu einstaklinga, en líka til að komast hjá milljarða útgjöldum í heilbrigðiskerfinu. Evrópusambandið hefur nýlega samþykkt lög sem hamla gegn sölu á tóbaki, einkum til æskufólks. Sama hefur verið gert í Bandaríkjunum og á Íslandi sjást einnig víða merki um nýjan tíðaranda. Já, hér á Bessastöðum hefur að frumkvæði Guðrúnar Katrínar orðið sú breyting að forsetasetrið hefur nú í rúmt ár verið reyklaus staður – og flestir tekið því vel.

Við þurfum í sameiningu að efla viðhorf sem virða niðurstöður okkar fremstu vísindamanna þótt óþægilegar séu. Við verðum að breyta forgangsröð stjórnvalda, Alþingis, sveitarstjórna og annarra áhrifaafla á þann veg að baráttan gegn eiturlyfjum, gegn aukinni áfengisneyslu og

reykingum æskufólks, og óheilbrigðum lífsháttum þeirra sem eldri eru, verði fremst í forgangsröð Íslendinga.

Samfélagsleg upplausn er ekki einkamál þeirra óhamingjusömu einstaklinga og fjölskyldna sem við sögu koma hverju sinni. Hún ætti í raun að vera dagskrárefni allra sem ábyrgð bera í stjórnstofnunum og félagasamtökum. Það má ekki skapa til lengdar þann skilning að með umræðu um veiðigjald, virkjanir eða verksmiðjur sé dagskrá framfaranna tæmd. Hin samfélagslega ábyrgð á ekki að vera síðri skyldustörfum í þágu efnahagslegra umbóta og hagsældar.

Íslendingar eiga í ríkum mæli samkennd og vilja til samhjálpar. Þeim eðalkostum þjóðarinnar höfum við í fjölskyldunni hér á Bessastöðum kynnst í veikindum Guðrúnar Katrínar. Samhugur ykkar, hvatning og bænir hafa styrkt okkur í erfiðri glímu og um ókomna tíð munum við varðveita þennan vitnisburð um hlýhug þjóðarinnar.

Þótt áfall okkar hafi verið mikið, áfall sem batahorfur og árangur íslenskra lækna og hjúkrunarfólks hafa nú umbreytt í bjartsýni, þá vitum við að þúsundir landsmanna þurfa ekki síður á hjálp eða huggun að halda. Hugsum um erfiðleika þeirra sem máttvana horfa á ástvini eða ungmenni, attingja eða féлага verða fórnarlamb ofbeldis, eiturlyfja, áfengissýki og annarra áunninna sjúkdóma.

Við eigum að rakta þá samkennd sem reynst hefur Íslendingum vel í aldanna rás og skapað þjóðinni eina sál, einn vilja, þegar hætta steðjar að og mikið er í húfi.

Við þurfum að temja okkur að horfa til framtíðar, hefja okkur yfir hagsmunastríð hversdagsins, meta gildi og gæði á mælikvarða æviskeiðs og áratuga en ekki andartaksins.

Við verðum að hafa kjark til að horfast í augu við okkur sjálf, athafnir okkar og afleiðingar þeirra, án móðu blekkinga og undanfærslna. Ekki aðeins á vettvangi samfélags og lífshátta heldur einnig í viðhorfum okkar til landkosta og umhverfisverndar, í umgengni okkar við atjörðina og þegar við gatum orðstírs okkar í samfélagi þjóðanna.

Löngum var við lýði sú kenning að við Íslendingar værum fremstir allra í landvernd og varðveislu náttúrugæða. Ferðalangar saktu okkur heim til að dást að fegurðinni.

Nú lítur hins vegar út fyrir að flestir séu að fara fram úr okkur og Íslendingar að lenda aftast í sveit þeirra sem bjarga vilja lífsskilyrðum mannkyns.

Í umræðum hér heima um hættur á breyttu loftslagi og samningana í hinni fjarlægju borg Kyoto hefur gleymst um of að geta þess sem í húfi er fyrir okkur Íslendinga – ekki í formi undantekninga frá nýjum sáttmála þjóðanna, heldur í þeirri ógn sem steðjar að lífsskilyrðum í landi okkar beri mannkyn ekki gæfu til að grípa til gagnaðgerða sem duga.

Sveit fremstu vísindamanna heims, formlega valdir sem fulltrúar þjóðríkja, hefur skilað niðurstöðum um breytingar á hitastigi, hækkun á yfirborði sjávar, umturnun hafstrauma, gróðurfars og lífsskilyrða jarðarbúa. Ef svo heldur fram sem horfir gæti hitaaukning víða um heim gert gróðursvæði að eyðimörk en annars staðar yrði kólnun í ætt við ísaldartíma. Breytingar á saltstigi sjávar myndu stöðva aflvélina sem knúið hefur hringrás hafstraumanna og ylurinn sem við höfum hlotið úr suðurhöfum hætta að berast hingað.

Lega Íslands og lykilhlutverk Golfstraumsins á okkar slóðum eru á þann veg að áhrif loftslagsbreytinganna myndu koma hvað harðast niður á okkur Íslendingum og gera landið nánast óbyggilegt fyrir barnabörn okkar og afkomendur þeirra.

Jökulhella mun þá leggjast yfir landið allt, fiskistofnarnir sem haldið hafa lífi í þjóðinni um aldir hverfa úr hafinu umhverfis, hluti núverandi byggða sökkva við hækkun sjávarborðs.

Þessi lýsing er ekki heimsendaspa eða efnisráður í skáldlega hryllingssögu heldur kjarninn í vísindalegum niðurstöðum fræðimanna sem skipa hina formlegu ráðgjafasveit ríkja heims, niðurstöðum sem lýsa því sem gæti hafist á æviskeiði þeirra Íslendinga sem nú eru börn í skóla.

Ísland hefur einmitt í þessari vísindaumræðu verið tekið sérstaklega sem dæmi um hrikalegar afleiðingar loftslagsbreytinganna. Virtur vísindamaður, sérfræðingur við Columbia háskólann í Bandaríkjunum, sagði nýlega í viðtali við eitt helsta dagblað heims: „Ísland yrði þakið

jöklum allt til stranda. Íbúarnir yrðu að yfirgefa það.“ – Landið okkar góða yrði þá í raun og sann ísa fold.

Við Íslendingar ætjum því að vera í fararbroddi þeirra sem á alþjóðavettvangi krefjast þess að tafarlaust verði gripið til róttakustu gagnaðgerða til að forða heiminum frá slíkri loftslagsbreytingu. Við ætjum að fagna þeim vilja sem þjóðir heims sýna nú til samstarfs, hefja með öðrum breytingar á eldsneytisnotkun skipa og bifreiða og beita nýrri tækni sem auðveldar loftslagsvana framleiðsluhammi. Við eigum að gleðjast yfir þeim tækifærum sem öld umhverfisverndar getur fært okkur Íslendingum ef við sjálf höfum vit og vilja til að nýta kosti Íslands.

Það er annars sérkennilegt hve illa okkur hefur gengið að sýna í verki hollustu við vernd umhverfis, lífríkis og landgæða. Við höfum látið ættjörð okkar blása upp og eytt svo gróðri með óhóflegri beit hrossa og sauðfjár að Ísland er nú mesta eyðimörk álfunnar.

Gervihnattatækni og alþjóðleg samvinna í kortagerð hafa fært okkur nákvæma lýsingu á gróðurfari og landeyðingu í sérhverju byggðarlagi Íslands. Við erum því betur í stakk búin en nokkru sinni fyrr til að hefja skipulega og árangursríka landvörn. Við getum ekki látið á okkur sannast að við skilum Íslandi í hendur nýrra kynslóða í þeim tötum að jarðvegsrof sé hér með því mesta sem gerist á jörðinni allri utan þurrkasvæða, að vistfræðistofnanir víða um veröld noti fósturjörð okkar sem dæmi um víti til varnaðar.

Samfélag þjóðanna hefur ákveðið að það ár sem nú heilsar verði helgað hafinu, eiginleikum þess, auðafum og mikilvægi fyrir mannlíf allt. Sú ákvörðun færir okkur Íslendingum margvísleg tækifæri. Fáar þjóðir eiga jafn litríka sigursögu um glímuna við Ægi konung, þótt vissulega hafi hún einnig krafist fórna.

Á ári hafsins getum við sýnt öðrum hvernig áráði, atorka og samstaða fámennrar þjóðar skilar árangri, hvernig hugvit og hafni skapa lífskjör og velferð úr gulli sjávar. Hafið og auðlindir þess hafa mótað örlög Íslendinga frá árdögum landnáms, veitt skáldum innblástur og snert strengi í brjóstum okkar allra. Það hefur ásamt ættjörðinni fósrað okkur vel.

Við styrkjum sjálfsvitund okkar með áhrifum frá víðáttum hafsins og litbrigðum íslenskrar náttúru, öldurótinu sem stormurinn yfir og lognstillum sem leika við tign fjallanna og fegurð morgunsins.

„Hafið skín sem himneskt undur;
hverfur sýn í loftsins örmum.
Undir ljósum heiðahvörmum
hlær við engi, tún og lundur.“

Við erum á margan hátt lánsöm þjóð. Samfélag okkar hefur borið svipmót samhentrar fjölskyldu þar sem sérhver réttir öðrum hjálparhönd.

Við dagsbrún bíður ný öld, umbrotatími. Þá er mikilvægt að við varðveitum og eflum þau verðmæti sem gera okkur að þjóð.

Ég óska ykkur farsældar á nýju ári og bið þess að það færi Íslendingum öllum, fjær og nær, gafu og gleði.